



UPPHAF BYGGÐAR Í HRÍSEY

Allt frá landnámstíð hefur verið verið föst búseta í Hrísey. Talið er að Steinólfur hinn lági og fjölskylda hans séu fyrstu íbúar eyjarinnar. Helgi hinn magri setti þau á land í eyinni er hann nam Eyjafjörð. Salgerður dóttir Steinólfs kvæntist síðar Ingjalldi syni Helga magra og Þórunnar hyrnu. Eftir þeirra daga bjuggu synir þeirra í eyinni, þeir Ingjaldur og Klængur. Ekki er því ótrúlegt að Helgi hafi haft Hrísey fyrir sig fyrstu árin, því útræði var gott frá eyinni og fiskur uppi í landsteinum. Því hefur fljótlega myndast blómleg byggð í Hrísey eftir því hve býlunum fjölgaði, en þau voru Syðstibær, Miðbær, Ystibær, Saltnes og Hvatastaðir, sem var eina býlið austan á eyinni. Fljótlega hefur því verið talsvert margt fólk í Hrísey, því á þessum tíma voru heimili fjölmenn.

Næst segir frá Hrísey á árinu 1202. Þann 14. júlí það ár kemur til eyjarinnar Guðmundur Arason biskupsefni á Hólum sem er á leið til biskupsvígslu í Noregi. Syngur hann messu í eyinni. Ef til vill var það á þeim stað sem er miðsvæðis á milli bæjanna, því þar eru örnefnin Biskupshalli og Biskupshallaholt. Á þrettánda öld er sagt frá naustum í eyinni og að þaðan

væru stundaðar fiskveiðar. Þar sé og skipsuppsátur og aðstaða til útgerðar. Um þetta leyti eignast Munkaþverárklostur bæði Ystabæ og Miðbæ. Tvær hálfkirkjur eru sagðar í eyinni, bæði á Ystabæ og Syðstabæ, því brot er til af máldaga kirkju í Hrísey frá árinu 1318. Þó að hún sé gloppótt sést að í Hrísey hafi verið Maríukirkja, sæmilega búin af gripum en heldur fátæk. Enn segir frá því að árið 1394 hafi Pétur biskup Nikulásson ætlað að vísitera í eyinni en það síðan farist fyrir.

Þá er það næst að fréttu að árið 1424 ráðast enskir sjóræningjar til uppgöngu í Hrísey. Ræna þeir bæði fólk og fénaði og brenna kirkjuna í eyinni. Það má ætla að þessi kirkja hafi ekki verið byggð upp aftur, því í kirkjutali Jóns Vilhjálmssonar frá árinu 1429 segir: Á Syðstabæ í Hrísey, alkirkja til söngs og á Ystabæ bænahús. Eru bæði niðri (það er að segja í rústum). Víða um eyjuna liggja miklir garðar sem taldir eru vera afar gamlir, eða allt frá fyrstu byggð í eyinni. Búsmali eyjarinnar hefur eflaust verið rekinn eftir þessum gördum, sem sumsstaðar eru enn þann dag í dag talsvert háir. Eins gætu þetta verið merkjagarðar. Þetta hafa því verið mikil mannvirki á sinni tíð.

Sagnir herma að býlin Saltnes, Miðbær og Hvatastaðir hafi farið í eyði árið 1402 þegar Svartidauði barst um landið og heilu byggðirnar lögðust í eyði. Aldrei var byggt aftur upp á Hvatastöðum, því í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1712 segir. „Ekki má hér aftur byggja, því túnstæði er lyngi vaxið.“ Á Hvatastöðum eru túngarðar miklir og bæjarrústir. Saltnes og Miðbær byggjast hins vegar aftur upp. Á báðum þeim stöðum eru líka miklar bæjarrústir og túngarðar frá fyrri tíð.

Skráðar heimildir geta þess að árið 1318 hafi klaustrið á Munkaþverá fengið afgjald af Hrísey. Voru það 30 vættir skreiðar og 5 vættir salts. Þá hefur eflaust verið eytt þeim skógi sem var í eyinni. Það sýna þær fjölmörgu kolagrafir sem enn eru sýnilegar í eyinni. Kol úr Hrísey hafa því eflaust yljað þeim munkum sem í klaustrinu dvöldust. Saltið hefur verið unnið í fjörunum við Saltnes en þar hefur verið auðvelt að framleiða það vegna heita vatnsins sem þar hefur runnið. Klaustrið á enn hálfa Hrísey árið 1525. Árið 1675 er Hrísey metin á 40 hundruð. Það ár gefur konungur Hinrik Bjálke aðmírál og hirðstjóra eyjuna, en konungur hafði eignast hana eftir siðaskiptin.



THE BEGINNING OF SETTLEMENT IN HRÍSEY

There has been permanent residence in Hrísey from as early as the period of first settlement in Iceland. It is believed that Steinólfur the Small and his family were the first inhabitants of the island. They were put ashore on the island by Helgi the Lean the first settler in Eyjafjörður. Steinólfur's daughter subsequently married Helgi's son and after their death their sons lived on the island. In the light of the above, it is quite likely that Helgi and his family utilised the resources of the island which primarily consist of its proximity to rich fishing grounds only a stone's throw from the shoreline. As a result of those benefits, the number of farm crofts on the island is likely to have grown rapidly and, as families were large in those days, the island must have supported a considerable number of people.

The next reference to Hrísey in written records dates from the year 1202. On 14 July of that year, the prospective bishop at Holar, Guðmundur Arason arrived on the island on his way to Norway where he was going to be ordained. Guðmundur preached a sermon on the island, probably in the immediate vicinity of the crofts that came to be known as Bishop's Brae and Bishop's Hill

In the thirteenth century we learn that there are boat-houses on the island as well as a facility for taking a ship ashore in connection with fishing operations. About this time, the monastery at Munkaþverá in Eyjafjörður gained possession of two farms on the island and two minor churches were said to have been established in connection

with this property. There exists a fragment of a register of the possessions of a church on Hrísey in 1318. This document, albeit damaged and incomplete indicates the presence of a church on the island dedicated to the Virgin Mary. The register tells us of a poor church, but nevertheless reasonably equipped. We also learn that in 1394, a bishop had the intention of making an official visit to the island, but this plan was not realised.

The next thing we know is that in 1424 English pirates attacked Hrísey, kidnapped some of the inhabitants, stole property and livestock and burnt down the island's church. It would appear that the church was not rebuilt for a church register dating from 1429 contains the following information: "At the Southern Croft on the island there is a fully fledged church for religious services and a prayer house at the Outermost Croft. Both are down" (i.e. in ruins).

In many parts of the island there are large earth walls which are thought to be ancient, the earliest probably dating from the first island settlement. Probably livestock was driven on foot along these walls which even today are fairly high in some places. The walls could also have served the function of marking off property and must have been huge undertakings in their time.

Ancient sources state that three farms were deserted in 1402 when the Black Death swept across Iceland resulting in entire districts losing all their populations. One of these

farms, Hvatastaðir, was never rebuilt as indicated in a farm register from 1712 which states: "It is not possible to rebuild this farm for the entire home field is out of cultivation and overgrown with heather. The location of this farm, as well as the other two that were affected by the Black Death is clearly indicated, however, by the remains of extensive earth walls and farm ruins from former times.

It is stated in written records that in 1318 the monastery at Munkaþverá received rent from Hrísey consisting of approximately one tonne of dried fish and 200 kilos of salt. Around this time, all woods on the island have probably been laid waste as indicated by the numerous charcoal pits that are still visible on the island. There is no doubt, therefore, that the monks at Munkaþverá warned themselves by the glow of coal which had its origin in Hrísey. The salt has been processed on the shore near Saltnes croft with the indispensable aid of the hot geothermal fountain that flowed to the sea. In 1525, half the island still belonged to the monastery. A century and a half later, in 1675, the island was assessed to a value equivalent to that of 40 cows.

In this same year, 1675, the king of Denmark made a present of the island to his admiral Hinrik Bjálke, the Danish crown having acquired the island after the conversion to Protestantism in 1550.